

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjóðinn
Þjóðhátíðargjöf Norðmanna nr. 279 30. maí 1975,
sbr. auglýsingu nr. 199 25. mars 1998.**

Stjórn sjóðsins Þjóðhátíðargjöf Norðmanna hefur hinn 9. apríl 1999 samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins, sem staðfest var 30. maí 1975.

1. gr.

2. gr. skipulagsskrárinnar hljóði svo:

Höfuðstóll sjóðsins skal varðveittur á Íslandi eða í Noregi eftir ákvörðun sjóðstjórnar, sem ber ábyrgð á ávöxtun hans.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. apríl 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003,
reitur milli Aðalgötu og Eyrargötu, Ísafjarðarbæ.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. apríl 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Suðureyrar 1983-2003 frá 10. september 1994.

Breytingin varðar niðurfellingu á vegtengingu milli Aðalgötu og Eyrargötu. Reitur milli Aðalgötu og Eyrargötu breytist úr reit fyrir íbúðir og opinberar byggingar í blandaðan reit fyrir opinberar byggingar, iðnað og íbúðir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið í samræmi við 2. mgr. 21. gr. laganna.

Umhverfisstofnun, 26. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Köldukinnar, Holta- og Landsveit.

Sveitarstjórn Holta- og Landsveitar samþykkti deiliskipulag frístundabyggðar í landi Köldukinnar, Holta- og Landsveit á fundi sínum 7. desember 1998. Skipulagstillagan var